

Samstarfssamningur á milli Mosfellsbæjar og Listaskóla Mosfellsbæjar

Hér með gera Mosfellsbær kt. 470269-5969 annars vegar og Myndlistarskóli Mosfellsbæjar kt. 230254-3629 hins vegar með sér eftirfarandi samstarfssamning frá 1.1.2017 til 31.12.2019 Samningur þessi tekur við af eldri samningi sem gildi til 31.12.2016.

1. grein.

Tilgangur og markmið samningsaðila

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf milli Listaskóla Mosfellsbæjar fyrir hönd bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ og Myndlistarskóla Mosfellsbæjar. Samningnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu öflugrar myndlistarkennslu í bæjarfélaginu og tryggja öflugt og gott tólmstundarstarf í myndlist fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ undir merkjum Listaskóla Mosfellsbæjar. Með samningi þessum verður Myndlistarskóli Mosfellsbæjar sjálfstæður aðili að Listaskóla Mosfellsbæjar, sem hluti af fjöllistadeild skólans.

2. grein.

Starfstími

Með samningi þessum skuldbindur Myndlistarskóli Mosfellsbæjar sig til að sjá um myndlistarnámskeið fyrir börn og unglinga að vetri til og skiptist skólaárið í tvö sjálfstæð misseri. Starfstími skólans fylgi skólastarfi grunnskólanna. Haustið hefst að jafnaði um miðjan september og ljúki um miðjan janúar. Vorönn hefst upp úr miðjum janúar og ljúki í byrjun maí.

3. grein.

Ábyrgð

Þá skuldbindur Myndlistarskóli Mosfellsbæjar sig til að veita nemendum sínum sambærilegt nám og aðstöðu eins og best gerist í nágrennasveitarfélögunum.

Kennd eru undirstöðuatriði teikunar, mótunar og málunar og þess gætt að verkefnin séu fjölbreytt, hvað varðar efni og innihald og verkefnin hæfi aldri og þroska nemendanna.

Skólinn býður einnig upp á sumarnámskeið fyrir börn og unglinga og ávallt verði leitast við að fá fagfólk með þekkingu og reynslu á sviði myndlistar og barnastarfs til starfa við skólann. Verði því viðkomið getur myndlistarskólinn óskað eftir samstarfi við Vinnuskóla Mosfellsbæjar um aðstoðarfólk inn á námskeiðum að hámarki 3 vikur.

4. grein.

Aðsetur og aðbúnaður

Myndlistarskólinn starfi í gamla verksmiðjuhúsinu í Álafosskvos. Skólahúsnæðið skal uppfylla allar kröfur laga varðandi öryggismál.

5. grein.

Samskipti

Skólastjóri myndlistarskólans hefur yfirumsjón með öllum samskiptum skólans við Listaskóla Mosfellsbæjar. Þá verði árlega unnið að sameiginlegri dagskrá og sýningum þeirra aðila er starfa undir merkjum Listaskóla Mosfellsbæjar.

Öll erindi frá skólanum til bæjaryfirvalda skulu send bréflega til Listaskóla Mosfellsbæjar.

6. grein.

Upplýsingaskylda

Myndlistarskóli Mosfellsbæjar skuldbindur sig til að skila rekstrarskýrslum til Listaskóla Mosfellsbæjar um starfsemi félagsins á 12 mánaða fresti auk ársskýrslu. Í rekstrarskýrslunni skal gera grein fyrir hvernig rekstrarstyrknum hefur verið varið. Þar sem styrkur Mosfellsbæjar er ekki ætlað að reka fullorðinsnámskeið, sbr. 2. grein samnings þessa, er nauðsynlegt að rekstur barna- og fullorðinsnámskeiða sé aðskilinn. Rekstrarskýrslu skal skilað fyrir 1. ágúst ár hvert.

Á samningstímanum munu Listaskóli og Myndlistarskóli Mosfellsbæjar stuðla að því að gera starfsemi barna- og unglingastarfsins sem og samstarf myndlistarskólans og listaskóla eins sýnilegt og kostur er fyrir íbúum Mosfellsbæjar. Skólastjóra ber að sjá til þess að upplýsingar um myndlistarskólann séu réttar á opinberum upplýsingstöðum eins og heimasíðu Mosfellsbæjar og Listaskóla Mosfellsbæjar (www.listmos.is).

7. grein.

Framlög

Rekstrarstyrkur

Mosfellsbær greiðir rekstrarstyrk til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar með því að greiða framlag sem samsvarar einum kennaralaunum samkvæmt launaflokki 136-4; fyrir kennara Listaskóla Mosfellsbæjar, með álagi, annaruppbótum og launatengdum gjöldum, kr. 6.400.000

Rekstrarstyrkur þessi greiðist með eftirfarandi hætti:

1. febrúar 2017:	3.227.492,-
1. september 2017:	3.162.953,-
31. desember 2017:	Greiddar launhækkanir á fjárhagsárinu 2017.
1. febrúar 2018:	3.227.492,-
1. september 2018:	3.162.953,-
31. desember 2018:	Greiddar launhækkanir á fjárhagsárinu 2018.

1. febrúar 2019:	3.227.492,-
1. september 2019:	3.162.953,-
31. desember 2019:	Greiddar launhækkanir á fjárhagsárinu 2019.

Styrknum skal varið til markmiða skv. samningi þessum. Styrkurinn er ekki til reksturs fullorðinsnámskeiða.

Skila skal reikningi 20 dögum fyrir greiðsludag á bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar. Verði seinkun á skilum árs- og rekstrarskýrslu verður seinkun á greiðslu rekstrarstyrkja sem því nemur. Í reikningsskilum skal haldið aðskildum kostnaði vegna starfsemi barna- og ungmennastarfs annars vegar og starfsemi tengd öðru, þar með talið kennslu fullorðinna og útleigu vegna annarrar starfsemi.

8. grein.

Húsnæðisstyrkur

Á samningstímanum fær Myndlistaskóli Mosfellsbæjar árlegan styrk vegna húsnæðiskostnaðar kr. 1.200.000. Greiðslan tekur árlegum breytingum og hækkar samkvæmt byggingarvísitölu miðað við grunnvísitölu 130,2 í janúar 2017. Greiðslan fer fram 1. september ár hvert.

9. grein.

Um frekari fjárveitingu til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar vegna almenns barna- og unglingastarfs verður ekki að ræða á samningstímanum.

10. grein.

Samningur þessi gildir til 31. desember, 2019 og skal endurskoða fyrir 10. október, 2018. Heimild er með samkomulagi beggja aðila að framlengja samningstímann um eitt ár eða til ársins 2020.

11. gr.

Komi upp ágreiningur milli aðila skulu þeir leitast við að leysa hann í góðri trú. Rísi mál út af samkomulagi þessu skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mosfellsbær 1.2.2017

f.h. Myndlistarskóla Mosfellsbæjar
Ásdís Sigurþórsdóttir
Rekstaraðili Myndlistarskólans

f.h. Mosfellsbæjar
Linda Udengaard
Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs